

Mál nr. 195/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar launþega****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss árið 2008, orsakatengsl og tilkynningu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.05. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu vegna vinnuslyss M 28.03. 2008 sbr. fyrirliggjandi gögn.

M lætur þess getið í málskotinu að hún og vátryggingafélagið “hafa óskað eftir því sameiginlega að tiltekinn læknir meti afleiðingar slyssins. Af hálfu vátryggingafélagsins er óskað eftir svari varðandi eftirfarandi: Hvenær M hefði fyrst mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða af umræddu slysi. Svar matsmanns mun eftir atvikum leysa” deilumál þetta fallist aðilar á svör hans. Þá segir “til að koma í vega fyrir réttaráhrif ákvæðis 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga er óskað eftir að nefndin bíði með að úrskurða í málinu þar til matsgerð læknis liggur fyrir.”

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi sínu til nefndarinnar að mál þetta sé í nokkurri biðstöðu þar sem félagið hefur lýst sig reiðubúið til að standa að mati á afleiðingum slyssins án viðurkenningar á bótaskyldu. Sérstaklega hafi verið óskað eftir mati á því hvenær M hefði fyrst mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða. Þá kemur og fram að í “málskotsbréfi liggur fyrir að afstaða matsmanns mun eftir atvikum leysa þann ágreining sem uppi er í málinu.... Eins og atvikum er háttað er því óhjáðmilegt að áskilja rétt til að skila inn frekari athugasemdum og/eða gögnum gefi niðurstaða matsgerðar tilefni til á síðari stigum”.

Álit

Úrskurðarnefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskyldu sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar nr. 1090/2005. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningurinn sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá. Athygli er og vakin á e-lið 4. gr. sömu samþykktar þar sem fram kemur að nefndin geti vísað frá máli sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar.

Líkt og þegar hefur komið fram þá að hafa aðilar máls þessa óskað eftir afstöðu matsmanns í tengslum við 124. gr. laga um vátryggingarsamninga þ.e. hvenær M hefði fyrst mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða. Báðir aðila telja málið í nokkurri biðstöðu sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Með hliðsjón af framanrituðu er krafa aðila það óskýr að það er ekki tímabært að úrskurða um bótaskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir sbr. 3. mgr. 3. gr. sbr. og e-lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Málinu er því vísað frá.

Niðurstaða.

Frávísun sbr. 3. mgr. 3. gr. og e-lið 4. gr. samþykktar úrskurðarnefndar.

Reykjavík 12. júní 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.